

Fundur í vatnasvæðisnefnd 1 í Ráðhúsinu Selfossi. 17. október 2014

Mætt voru: Sigurður Jónson (Sveitarfélagið Ölfus), Jón Tryggvi Guðmundsson (Sveitarfélagið Árborg), Sigrún Guðmundsdóttir (Heilbrigðiseftirlit Suðurlends), Magnús Jóhannesson (Veiðimálastofnun), Svanfríður Dóra Karlsdóttir (Ust), Helgi Jensson (Ust), Tryggvi Þórðarson (Ust).

1. Vatnasvæðanefndir, fundir, formaður og hlutverk.

Svanfríður kynnti hlutverk og skipulag vatnasvæðanefnda. Hlutverk þeirra væri ekki síst að afla upplýsing í heimabyggð svo hlutaðeigandi yfirvöld fái upplýsingar og að kynna það sem er á döfinni fyrir sínu baklandi. Nefndi hún að fulltrúar í nefndunum séu fulltrúar þangað til búið sé að skipa aðra í þeirra stað. Skýrði hún frá því að ekki hefði verið skipaður formaður eftir að Jóhanna Björg Weissappel hefði hætt en Svana heldur utan um málefni vatnasvæðanefnda á meðan. Fram kom hjá henni að ekki væri gert ráð fyrir vinnu í nefndunum á þessu ári en að þrátt fyrir það þurfi að halda fund í þeim a.m.k. einu sinni á ári. Útskýrði hún að þessi fundur væri haldin sérstaklega til að fjalla um stöðu verkefnanna, ekki síst undirbúningsvinnu við gerð vöktunaráætlunar sem er eina verkefnið sem unnið er að í ár.

2. Kynning á stöðu stjórnar vatnamála. Hvert við erum komin og hvað er framundan.

Svanfríður rakti stöðuna varðandi innleiðingu ákvæða laga um stjórn vatnamála. Fjallaði hún um það ástand sem skapaðist þegar vinna í málaflokknum lagðist að mestu niður vegna fjárskorts. Eina verkefnið sem unnið væri að núna snéri að gerð grunns fyrir vöktunaráætlun sem áfram yrði unnið að því að fullkomna. Rakti hún m.a. hvaða verkefnum væri lokið og drap á sum þeirra verkefna sem eftir væru. Lagði hún áherslu á að vinnan byggði á miklu samráði stofnana og nefnda. Aðeins einn starfsmaður starfar í fullu starfi að stjórn vatnamála hjá Umhverfisstofnun en tveir aðrir taka þátt í vinnunni. Bent hún á að upplýsingakerfið væri komið og væri forsenda fyrir áframhaldandi vinnu að þessum málum. Upplýsti hún að þar sem það væri hægt yrði reynt yrði að tengja saman núverandi vöktun og vöktun skv. vöktunaráætlun. Nefndi hún að mikilvægt væri að gögn sem safnað er nýtist í þau verkefni sem þau eru ætluð í, t.d. gagnaskil til alþjóðlegra stofnana. Sagði hún það vera nýtt að aðaláherslan í vöktun væri á líffræðilega þætti. Tiltók hún að þeir frestir sem gefnir eru í lögum um stjórn vatnamála væru sömu frestir og Íslend hefur skuldbundið sig til að fylgja skv. samningnum um EEA. Ekki er lengur fylgt svokallaðri flýtiáætlun en ljóst væri að ekki hefði tekist að fylgja henni jafnvel þótt fjármögnun hefði verið óbreytt. Lagði hún áherslu á að það væri langferð að ljúka vöktunaráætlun. Það sé t.d. gert sé ráð fyrir að ríkin endurskoði vöktunaráætlun á a.m.k. 6 ára fresti. Hér væri gert ráð fyrir endurskoðun innan þess tíma. Megi alveg búast við að það muni taka mörg ár eða áratugi að fullgera vöktunaráætlunina. Skýrði hún frá því að í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu færí nú fram vinna við gerð lagafrumvarps þar sem gert væri ráð fyrir gjaldtöku vegna vatnsþjónustu í samræmi við meginregluna í lögum um stjórn vatnamála um endurheimt kostnaðar. Ætlunin væri að þessi gjaldtaka tæki mið af mengunarþótareglunni og nytjagreiðslureglunni. Fram kom hjá henni að stefnt væri að því að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi. Að síðust kom fram hjá henni að tillaga að vöktunaráætlun yrði send til umsagnar þegar hún lægi fyrir.

Umræður:

Magnús spurði hvort stefnt væri að því að gera vöktunaráætlunina þannig úr garði að hún yrði viðurkennd hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Helgi svaraði því til að stefnt væri að því eins og hægt væri. Það væri hinsvegar hægt að gera hlutina á marga vegu.

Stundum værum við viss um að við værum að gera eitthvað sem væri skv.

vatnatilskipuninni en í þeim tilvikum þegar um sérlenskar lausnir væri að ræða væri ekki ljóst fyrr en eftir að ESA hefði lagt mat á vöktunaráætlunina hvort rétt hafi verið að málum staðið. Svana bætti við að aðalmálið væri röksemdafærslan en tilskipunin gerði ráð fyrir að talsverðum sveigjanleika að því gefnu að markmið hennar náiist.

Jón Tryggvi spurði hvort ekki þyrfti að vakta sérstakelga vatnstökusvæði og skólplosunarsvæði, þ.e. gera ráð fyrir vöktun á grundvelli landnotkunar. Svana svaraði að í Evrópu væri nú lögð áhersla á áhrif mengunar áhrif mengunar og stöðu viðtaka. Helgi taldi að hægt væri að fækka mælingum á líffræðilegum þáttum þegar einnig er stuðst við mæliniðurstöður frá vöktun starfsleyfisskyldra fyrirtækja á álagi, þ.e. losun og ástandi við losunarstað. Þannig sé hægt að brúa bilið með góðum upplýsingum um álagið þar til líffræðileg vöktun getur hafist.

Jón Tryggvi spurði hverjar væru skyldur landeiganda varðandi grunnvatn. Svana svaraði því til að landeigandi bæri ekki ábyrgð gagnvart kröfum yfirvalda heldur vatnsnýtingaraðili.

Sigurður vakti máls á samsetningu vatnasvæðisnefnda og spurði hvort ekki ætti frekar að skipa menn með sem mesta þekkingu á málefnum nefndanna frekar en pólitíkusa. Svana taldi mikilvægasta hlutverk nefndann að bera upplýsingar um gang mála til baklandsins og því væri æskilegt að pólitíkusrar væru einnig í nefndunum. Nefndi hún einnig að mikilvægt væri að Umhverfisstofnun stæði sig í kynningarmálum. Fram kom að áhugi sveitarfélaga á vinnu við stjórн vatnamála væri lítill á meðan upplýsingar sem fram koma setja sveitarfélögin ekki í slæmt ljós

3. Vöktunaráætlun og hvernig koma má athugasemdum og upplýsingum á framfæri.

Tryggvi byrjaði á að nefna breytingar frá þeim upplýsingum sem sendar voru nefndunum með töflunum í sumar. Þannig yrði vöktun skv. starfsleyfum mengandi starfsemi tali yfirlitsvöktun en ekki aðgerðarvöktun. Ennfremur væri ekki þörf á að fjalla um fjármögnun vöktunarinnar þar sem unnið væri að þeim málum í ráðuneytinu, sbr. lið 2. Hinsvegar væri áfram óskað eftir tölum um kostnað við vöktun einstakra gæðaþáttu (einingarverð) ef menn hefðu þær. Tryggvi kynnti fyrirkomulag vinnunnar að vöktunaráætluninni og þess samráðis/samvinnu sem fara á fram.

Vonast væri til að samráðsferilinn skilaði svokallaðri vöktunarbörf en upp úr henni myndi Umhverfisstofnun vinna tillögu að vöktunaráætlun til sampykktar Vatnaráðs og staðfestingar ráðherra. Álitamálin við gerð vöktunaráætlunar voru send ráðgjafarnefndum, svæðisnefndum og heilbrigðisnefndum í sumar en áformáð er að senda síðan sömu aðilum tillögur Umhverfisstofnunar að vöktunaráætlun auk sveitarfélaga og e.t.v. fleiri. Upplýsti Tryggvi að ekki myndi takast að ljúka þessum ferli og ljúka gerð vöktunaráætlunar fyrir lögbundinn frest. Tryggvi fór í gegn um þá vinnu við gerð vöktunaráætlunar sem unnin hefur verið hjá Umhverfisstofnun og skýrði út þau gögn sem lágu fyrir í sumar og send voru út til að fá ráðleggingar frá ráðgjafarnefndum og athugasemdir eða umsagnir annarra. Fór hann m.a. yfir hvað væri vöktun, hvað vöktunaráætlun eigi að taka til og hinar mismunandi tegundir vöktunar. Fór hann yfir markmið og forsendur þeirrar vöktunar sem koma skal á og

hver þau markmið væru sem sérstaklega myndu höfð til hliðsjónar í fyrstu. Fram kom hjá honum að ekki væri nauðsynlegt að vakta öll vatnshlot en það væri hinsvegar ætlunin, þegar kerfið sé að fullu innleitt, að nota mat á ástandi þeirra vatnshlota sem vöktuð eru til að yfirfæra á önnur vatnshlot þannig að meta megi ástand allra vatnshlota á landinu. Rakti hann þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar fyrir vali á vatnshlotum til vöktunar. Væri mikilvægt að einbeita sér núna að þeirri vöktun sem er nokkurn veginn ljóst að muni skila þeim árangri sem stefnt er að en bíða aðeins með annað og bæta því síðan inn eftir því sem málin skýrast. Gerði hann grein fyrir þeim álitamálum sem ákveðið hafi verið að vísa til ráðgjafarnefnda og samráðs þeirra sem að gerð vöktunaráætlun koma. Lagði hann áherslu á að þrátt fyrir að sérstaklega hefði verið bent á þessi tilteknu atriði, væri óskað eftir athugasemdum um önnur atriði ef einhverjar væru. Fram kom að hægt væri að hringja í starfsmenn Umhverfisstofnunar til að leita upplýsinga, t.d. um einhver atriði sem kunna að þarfnað meiri skýringa.

Umræður:

Sigrún spurði hvort Umhverfisstofnun hefðu borist mörg svör við erindi sínu frá því í sumar. Tryggvi upplýsti að formleg svör væru fá en að unnið væri að málinu í ráðgjafarnefndum.

Sigrún spurði einnig hvers vegna ekki væru yfirlit yfir vatnstöku, vatnsból og vatnsverndarsvæði inni í vatnshlotavefsjánni og hvort það standi nokkuð til að að bæta því við, t.d. með því að taka upplýsingarnar sem er að finna í nytjavatnssjánni. Tryggvi svartaði því til að Umhverfisstofnun ætti þekju sem sýndi vatnsból og verndarsvæði og tiltölulega einfald ætti að vera að bæta því við. Það hefði hinsvegar ekki náðst að setja hana inn þegar vinnu síðasta árs lauk. Öll vinna varðandi vefsjána liggur hinsvegar niðri í ár en vonast væri til að hægt verði að setja þekjuna inn á næsta ári. Tryggvi tók einnig undir það að æskilegt væri að hafa þær upplýsingar sem til eru un vatnstöku inni í vatnshlotavefsjánni.

4. Umræður og önnur mál.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir.